

Fundur í lækna ráði HSA fimmtudaginn 28.10.2010.

Ályktun:

Lækna ráð Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) telur að nái niðurskurður til HSA í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fram að ganga muni heilbrigðisþjónusta á Austurlandi skerðast verulega þannig að öryggi sjúklinga sé stefnt í hættu. Starfssemi Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupsstað (FSN) mun veikjast mjög og veruleg hætta er á að hún leggist alveg af. Þeirri þjónustu þarf þá að sinna annars staðar og mun innlögnum því fjölga á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri (FSA) og Landspítala-Háskólasjúkrahúsi (LSH) með mikilli aukningu sjúkraflutninga á landi og í lofti. Heilsugæslusjúkrahúsin (H-sjúkrahúsin) á Egilsstöðum og Seyðisfirði munu leggjast af og breytast í hjúkrunarheimili. Leggja þarf sjúklinga af þeim svæðum inn annars staðar. H-sjúkrahúsin munu ekki lengur geta tekið við sjúklingum frá FSN, FSA og Landspítala, en slíkar innlagnir hafa stýtt dvöl sjúklinga á stærri sjúkrahúsunum. Álag á heilsugæsluna mun vaxa, en hún fær minna rekstrarfé samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, og verður því verr í stakk búin til að axla auknar kröfur. Þjónusta við íbúa Austurlands skerðist því verulega og þeim verður gert að sækja hana til Reykjavíkur og Akureyrar með auknum kostnaði einstaklinganna og samfélagsins.

Greinargerð.

Umdæmi HSA er víðfemt, 16.000 km<sup>2</sup>, og liggja margir hæstu fjallvega landsins um svæðið.

Á Austurlandi eru 3 sjúkrahús; Fjórðungssjúkrahús í Neskaupsstað (FSN) og heilsugæslusjúkrahúsin á Seyðisfirði og Egilsstöðum. Heilsugæslulæknar sinna þjónustunni á Seyðisfirði og Egilsstöðum. Á FSN starfa 2 sérfræðingar í lyflæknisfræði, svæfingalæknir og tveir skurðlæknar í einni stöðu. Þeir sinna FSN og heilsugæslunni í Neskaupsstað. 75% fjár til sjúkrahúsa á Austurlandi rennur til FSN. Samkvæmt frumvarpinu skal halda neyðarþjónustu skurðlækninga á FSN og munu skurðlæknir og svæfingalæknir því starfa þar áfram. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að launakostnaður á sjúkrahússviði HSA lækki um tæp 52%, sem mun leiða til fjöldauppsagna er ná til allra starfsstétta og gera verður ráð fyrir lokun sjúkradeilda á Egilsstöðum og Seyðisfirði. Á FSN þarf væntanlega að segja upp öðrum eða báðum lyflæknunum en þeir mynda ásamt öðru föstu starfsliði kjölfestuna í starfi sjúkrahússins (eða hætta alveg með skurðlæknaþjónustu og svæfingar, sem er í andstöðu við frumvarpið). Ólíklegt er að sérfræðilæknar fái til vinnu á sjúkrahúsi þar sem ekki starfar lyflæknir.

Hlutverk heilsugæslusjúkrahúsanna á Egilsstöðum og Seyðisfirði er að sinna minna veikum, endurhæfingu t. d. í kjölfar aðgerða, meðferð við lok lífs, að veita krabbameinslyfjameðferð í samráði við krabbameinslækni sjúklings og fleira.

Á FSN er sinnt almennri sjúkrahússþjónustu, lyf- og skurðlækningum, sem og sérhæfðari krabbameinslyfjameðferð sem fækkar ferðum sjúklinga úr fjórðungnum. Á FSN er einnig öflug endurhæfing fyrir hópa hjarta- og lungnasjúklinga svo og þá sem eiga við lífsstílsvandamál að stríða, en það léttir álagi af Kristnesi og Reykjalandi. Á FSN er einnig vaxandi fæðingardeild og stefnir í 100 fæðingar árið 2010.

Verði þjónusta FSN stórlega skert og heilsugæslusjúkrahúsunum lokað þýðir það stóraukið álag á heilsugæsluna. Í fjárlagafrumvarpinu er talað almennum orðum um að efla heilsugæsluna en samt er þar gert ráð fyrir minnkuðum fjárframlögum til heilsugæslunnar í Fjarðabyggð sem nemur 43 milljónum króna. Skert þjónusta á FSN, sem er bakhjarl heilsugæslunnar, mun veikja heilsugæsluna enn frekar. Reikna má með að stóraukið álag verði á sjúkraflutninga. Samkvæmt frumvarpinu á að auka framlag til þeirra en sú aukning virðist einungis ætluð Suðvesturlandi. Framlag til vegagerðarinnar er skorið niður sem þýðir óvissu með sjúkraflutninga landleiðina milli héraða. Niðurskurður til starfssemi HSA mun að okkar áliti margfalda sjúkraflug til fjórðungsins, en ekki er alltaf unnt að reiða sig á sjúkraflug vegna ófærðar. Skertar samgöngur á landi, veiking heilsugæslunnar, lokun sjúkrahúsa og fækkun heilbrigðisstarfsmanna mun því stefna öryggi sjúklinga í verulega hættu.

Stóraukið álag verður á LSH og FSA, sem nú þegar eiga í erfiðleikum með að manna læknisstöður og sinna verkefnum.

Árum saman hefur reynst erfitt á fá nýja lækna til starfa í heilsugæslunni. Fyrirhugaðar breytingar munu vafalaust auka þann vanda og þjónustan versna.

Ljóst er að hinn harði og óvægni niðurskurður sem boðaður er í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar mun hafa í för með sér stórfellda skerðingu heilbrigðisþjónustu á Austurlandi. Hann mun auka á vanda heilsugæslunnar, brjóta niður áratuga uppbyggingarstarf á FSN, valda uppsögnum og atvinnuleysi, brottflutningi fólks af Austurlandi og líklega landflóttu. Er þetta rétta leiðin að hinu nýja Íslandi?

Afrit sent til:

Heilbrigðisráðherra, Guðbjartur Hannesson.

Heilbrigðisnefnd

Fjárlaganefnd

Steingrímur J. Sigfússon	1. þm. Norðaustur kjördæmis
Birkir Jón Jónsson,	2. þm. Norðaustur kjördæmis
Kristján L. Möller	3. þm. Norðaustur kjördæmis
Kristján Þór Júlíusson	4. þm. Norðaustur kjördæmis
Þuríður Backman	5. þm. Norðaustur kjördæmis
Höskuldur Þórhallsson	6. þm. Norðaustur kjördæmis
Sigmundur Ernir Rúnarsson	7. þm. Norðaustur kjördæmis
Björn Valur Gíslason	8. þm. Norðaustur kjördæmis
Tryggvi Þór Herbertsson	9. þm. Norðaustur kjördæmis
Jónína Rós Guðmundsdóttir	10. þm. Norðaustur kjördæmis
Einar Rafn Haraldsson	Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands
Stefán Þórarinsson	Framkvæmdastjóri lækninga Heilbrigðisstofnunar Austurlands
Lilja Aðalsteinsdóttir	Framkvæmdastjóri hjúkrunar Heilbrigðisstofnunar Austurlands

Austurglugginn, héraðsfréttablað

Ríkisútvarpið

Morgunblaðið

Fréttablaðið